

Mættir: Narfi Jónsson, Jóhanna Þorvaldsdóttir, Guðrún Hildur Þórðardóttir, Þórhidur Ýr, Kristín Kristjánsdóttir, Snæbjörn Reynisson, Steinunn Fjóla og Ingibjörg Inga

1. Drög á skóladagatali 2011-2012 kynnt .  
Engar athugasemdir voru gerðar við dagatalið. Upphaf skóla hefst með starfsdögum kennara og starfsfólks þann 15.ágúst og skólaþing verður 22. ágúst á mánudegi. Síðasti kennsludagur er áætlaður 31.maí og skólaslit þann 5.júní. Starfsdagar eru tveir fyrir skólaslit og einn eftir það. Starfsdagar á kennslutímabili eru 5 og tveir vetrarfrisdagar. Skóladagar 181 eins og lög gera ráð fyrir.
2. Mál – jafnréttisáætlun kynnt. Unnin hefur verið jafnréttisáætlun fyrir skólann og var hún kynnt skólaráði. Nokkrar athugasemdir voru gerðar og hún lagfærð í takt við það. Áætlunin verður vistuð á vef skólans.
3. Mál – Ingibjörg Inga gerði skólaráðsfulltrúum grein fyrir niðurstöðum GBF í PISA rannsókninni. Þar kemur í ljós að grunnskólar í Borgarfirði hafa bætt sig umtalsvert frá árinu 2006. Lesskilningur og náttúrufræði læsi eru vel yfir meðallagi en stærðfræðin er slökust af þessum þremur þáttum, en þrátt fyrir það skorar ein deild innan GBF mjög hátt í stærðfræðinni 2009, sem er afar ánægjulegt.
4. Mál-Nefndarmönnum afhentar upplýsingar um námskeið fyrir skólanefndir sem haldið er í samstarfi við mennta-og menningarmálaráðuneytið og Heimili og skóla. Nefndarmenn hvattir til að sækja námskeiðið ef þeir eiga þess kost. Dagsetning námskeiðsins fyrir okkar svæði er föstudagurinn 8. apríl og verður það haldið í MB í Borgarnesi 13:00-17:00
5. Starfsáætlun skólans kynnt
6. Önnur mál.
  - Fulltrúar kennara sögðu að foreldraviðtöl hefðu gengið vel en þau eru nýafstaðin í skólanum.
  - Ingibjörg gerði grein fyrir svari byggðarráðs v/fyrirspurnar nefndarinnar frá síðasta fundi.

Fleira ekki fyrir tekið og fundi slitið.